



## Gervigreindastefna

### Reglur fyrir notkun gervigreindarlausna

#### 1. Tilgangur

Gervigreind er öflugt tól sem getur aukið skilvirkni og gæði þjónustu. Tilgangur stefnunnar er að tryggja að notkun gervigreindar samræmist lögum, sé ábyrg, gegnsæ og bæti þjónustu sveitarfélagsins gagnvart íbúum, starfsfólki og kjörnum fulltrúum. Mikilvægt er að nýta tæknina á ábyrgan hátt og er þessari stefnu ætlað að minnka áhættu á gagnaleka eða ólögumætri vinnslu.

Stefna þessi gildir fyrir allt sveitarfélagið.

#### 2. Sýn sveitarfélagsins

Skagafjörður stefnir að því að vera í fararbroddi í ábyrgri nýtingu gervigreindar og að tæknin leiði til bættrar þjónustu við íbúa og starfsfólki sveitarfélagsins.

#### 3. Notkun

Til þess að tryggja ábyrga og örugga notkun gervigreindar skal ávallt hafa í huga að:

- Persónuvernd og öryggi gagna verða að vera í forgrunni.
- Gögn og reiknirit þurfa að vera rýnd til að tryggja réttmæti niðurstaðna.
- Notendur þurfa að vita hvenær þeir eiga í samskiptum við gervigreind.
- Gervigreind tekur aldrei ákvarðanir er snerta réttindi og skyldur borgaranna.

Gervigreind skal einna helst nota til aðstoðar við dagleg verkefni, textavinnu, upplýsingaleit, fræðslu, samskipti og önnur verkefni sem geta bætt vinnuflæði og þjónustu.

Gervigreind er ekki fullkomin og því nokkur áhætta á að gervigreind gefi rangar upplýsingar, vísi rangt í heimildir og að svör séu hlutdræg og fordómafull. Starfsfólk og kjörnir fulltrúar skulu vera meðvituð um þessa áhættu og lesa allar niðurstöður gervigreindar með gagnrýnum augum og leitum áreiðanlegra heimilda þegar upplýsingar/forsendur eru mikilvægar.

#### 4. Gagna- og persónuvernd

Allar upplýsingar sem gervigreind vinnur með skulu vera meðhöndlaðar í samræmi við persónuverndarlög og reglur sveitarfélagsins.

Þegar gervigreind er notuð skal engum viðkvæmum persónuupplýsingum eða persónugreinanlegum gögnum deilt með gervigreind. Undantekningin varðar þau sem hafa fengið sérstakt leyfi til að nota keypta útgáfu af Copilot sem vinnur á gögnum úr gagnasafni sveitarfélagsins. Sérstakar reglur gilda um notkun þeirra útaf persónuvernd sem þarf að gæta vel að.

Gögnum sem starfsfólk og kjörnir fulltrúar deila með gervigreind skal stillt í hóf og passað upp á að ekki sé verið að gefa upplýsingar sem ekki eiga erindi við aðra notendur hennar til að koma í veg fyrir gagnaleka.

#### 5. Þjálfun og stuðningur

Starfsfólk og kjörnir fulltrúar skulu fá viðeigandi kennslu í notkun gervigreindar, til að tryggja tæknilega virkni, skilvirkni og örugga notkun.

Starfsfólk og kjörnir fulltrúar skulu leita eftir stuðningi hjá öðrum notendum ef þau þurfa aðstoð við notkun gervigreindar.

#### 6. Endurgjöf og umbætur

Starfsfólk og kjörnir fulltrúar eru hvött til að gefa gervigreind endurgjöf til að bæta virkni hennar.

Reglur þessar skulu endurskoðaðar árlega eða þegar miklar breytingar á gervigreind eiga sér stað. Reglurnar skulu einnig uppfærðar eftir þörfum og í samræmi við lög, reglur og siðareglur sveitarfélagsins.

#### 7. Ábyrgð og gagnsæi

Ábyrgð á notkun gervigreinar liggur hjá hverjum og einum starfsmanni og kjörnum fulltrúa. Brjótí starfsmaður reglur þessar getur það leitt til áminningar í starfi.

#### 8. Samþykkt og gildistaka

Stefnan var samþykkt á 190. fundi byggðarráðs Skagafjarðar 17. apríl 2026 og á 48. fundi sveitarstjórnar þann 22. apríl 2026 og tekur gildi strax við staðfestingu sveitarstjórnar.

*Samþykkt á fundi sveitarstjórnar 22. apríl 2026*

*Samþykkt á fundi byggðarráðs 17. apríl 2026*